

Ólsv.
30 maí
1913

Ferðasögur úr öðrum sólkerfum.

Miklar uppgötvanir telja
menn vanalega í fyrstu
ekki rjettar.

Arrhenius.

Jeg hef valið ræðu minni á
sunnudaginn kemur þessa fyrir-
sögn, af því að Swedenborg, sem
nefna má hinn fyrsta alheims
jarð- eða jarðafraeðing, kveðst
hafa ferðast til annara hnatta og
jafnvel í önnur sólkerfi. Er það
eitt hið mesta afreksverk að skiln-
ingi, sem nokkur maður hefur
unnið, að Swedenborg skyldi átta
sig á því, að sumt það, sem fyrir
hann bar, fór í rauninni fram á
öðrum jarðstjörnum. Og jafnvel
í ritinu um himnaríki og helvíti,
þar sem hann heldur sjálfur, að
hann sje að skrifa um hinn and-
lega heim, er hann að segja oss
frá ástandinu á öðrum jarðs jörn-
um. Í síðustu ræðu minni skýrði
jeg frá, hvernig á viðindalegan
hátt má gera sjer grein fyrir, að
unnt er, að sjá með annara aug-
um og heyra með annara eyrum.
En ógreinileg vill sú sýn og
heyrni verða, og mjög mikið fer
framhá fjarskynjandanum eða af-
lagast í huga hans.

Byggingarlaginu í helvíti sum-
staðar lýsir Swedenborg nokk-
uð líkt og gerist í borgum bæði
á Íslandi og annarstaðar; og hann
segir að þar sje óþefur, áflog og
illdeilur, ófund, eftirhermur og
flimtan. Það er óumræðilega
fróðlegt að sjá, hvernig af vitrun-
um þessa sjaldgæfa manns má
fá vitneskju um ástandið á hnött-
um, þar sem eitthvert mannkyn
býr við lík kjör og hjer á jörðu
voru á steinöldum, þegar menn
bjuggu í hellum og kunnu ekki
að byggja yfir sig; og eins þar
sem framfarirnar eru miklu
meiri, en enn hefur orðið hjer á
jörðu, í sömu átt eins og margt
stefnir t. a. m. í New-York og
öðrum stórborgum og ríkjum.
Alt slíkt nefnir Swedenborg hel-
víti og heldur að það eigi sjer
stað í einhverjum andlegum heimi,
og ekki í þessum himningeimi, sem
jörðin er í, eins og þó mun vera.
En það »yfírmannkyn«, sem ræð-
ur á þessum stöðum af framúr-
skarandi slægð og grimdarorku,
má vel nefna djöfla, og hafa
fyr og síðar verið vísar til slíks
hjer á jörðu, og er óvíst enn,
hvort á þessum hnetti verður al-
gert helvíti, eða ríki himnanna
hefur betur.

En jafnvel í himnaríki er ekki alt fullkomið enn þá, eftir því sem Swedenborg segir; og kemur það alveg heim við það sem vænta mátti, eftir kenningum Herakleitosar, Lamarcks og Spencers. Á einum stað, segir Swedenborg, birtist Drottinn-englunum sem rauð sól. Nú vita menn það, sem Swedenborg gat ekki vitað, að rauðar eru þær sólar, sem elli er farin að færast yfir, og þar sem því mannkynið á fylgihnöttunum (jörðunum) hefur haft afarlangan tíma til fullkomunar. Manni kemur því margt í hug þegar Swedenborg segir að stundum sjáist dökkur baugur kringum þessa sól og hún breyti lit, en englarnir hryggjast. Hvílíkt söguefni! Og það er í ritum Swedenborgs meira af slíku, sem þeim er sjálfur veit með fullri vissu af íbúum annara hnatta, kemur ekki til hugar að telja annað, en vitneskju um ástandið í öðrum sólkerfum, þó að óljós sje og margt misskilið.

29/5

Helgi Pjeturss.

Útskr. 30. mán. 1913.
Rit Swedenborgs.

Jeg vissi ekki fyr en um miðjan þennan mánuð, að rit Swedenborgs eru til hjerna á landsbókasafninu. Erú rit þessi afar fróðleg á köflum og koma mjer stórum betur að gagni við rannsóknir mínar í hinni meiri jarðfræði, en mjer virtist geta orðið, þegar jeg var að blaða í einhverju af þeim á konunglegu bókhöðunni í Kaupmannahöfn, og lenti nær á tómun biblíuskýringum, eins og segir í ritgerð minni um fyrirburði. Hugsa jeg með þakklátssemi til þessarar amerísku frú Ware, sem gefið hefur ritin hingað.

Það er bón mín til þeirra, sem hlýða ætla á ræðu mína á sunnudaginn í Bárúhúsinu, að þeir komi stundvíslega, svo að byrjað verði kl. 5. H. P.

Vísir 1. júní 1913

Um ferðasögur úr öðrum sólkerfum

talar

Dr. Helgi Pjeturss.

í Bárunni kl. 5 í dag.

 Sjá götuauglýsingar.

Vísir 2. júní 1913

Vísir 1. júní 1913

Fyrirlestur heldur dr. Helgi Pjeturss. í Bárubúð kl. 5 í kveld og heitir hann: *Ferðasögur úr öðrum sólkerfum.*

Dr. Helgi Pjeturss. hjelt annan fyrirlestur sinn í gærkveldi í Bárubúð um íbúa annara stjarna. Voru áheyrendur helst til fáir — um hundrað —, þar sem hann benti á ýms íhugunarefni, svo sem honum er lagið, og gat verið besta gagn að fyrirlestrinum, eins þeim er ekki trúá að aðrir hnettir sjeu bygðir eða að samband hafi náðst til þeirra vera.